



Fréttabréf

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Nóvember 2015



Fundur í stjórn Foreldrafélags Sunnulækjarskóla 25.11.2015 kl. 21:00

Mættir: Inga Dóra Ragnarsdóttir, Karl Óskar Kristbjarnarson, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Anna Rósa Einarsdóttir og Sigurður Ástgeirsson

- Rætt var um að koma upp fyrirkomulagi á milli Sunnulækjarskóla og Vallarskóla varðandi fyrirlestrahald, t.d. að hvor skóli standi fyrir einum fyrirlestri á vetri. Upp kom hugmynd að skoða aðkomu fræðsluviðs sveitarfélagsins að þessum fyrirlestrum. Einnig að gott væri að koma upp atburðardagatali fyrir árlegu viðburðina.
- Foreldrafélagið keypti vesti fyrir alla nemendur í 1. bekk. Vestin verða afhent nemendum á skólatíma en það verður gert ásamt fulltrúa frá lögreglunni. Fulltrúar foreldrafélagsins munu sjá um afhendingu á vestunum.
- Birgir skólustjóri óskar eftir fulltrúa frá foreldrafélaginu og fulltrúa úr grenndarsamfélags, en þeir aðilar sitja skólaráðsfundi. Einnig vantar einn aðila sem ekki þarf að vera úr stjórn foreldrafélagsins sem fulltrúi foreldra í skólaráði. Fulltrúi grenndarsamfélags er Heimir Bates og fulltrúi úr stjórn foreldrafélags er Heiða Ösp Kristjánsdóttir.
- Ræddur var póstur sem kom frá Þorsteini fræðslustjóra varðandi breytingu á opnunartíma leikskóla og skólavistunar. Ákveðið að óska eftir upplýsingum frá fræðslustjóra varðandi þessa breytingu.
- Næsti fundur ákveðinn 15. febrúar 2016



Lestur er bestur

L

- Lesum saman og höfum gaman
- Lesturinn er í höndum okkar foreldra
- Lesum hvar sem er : upp á borði, í sófanum, í gluggakistu, teppahúsi, undir borði, í bílnum
- Lesum fyrir hvern sem er: mömmu, pabba, afa ömmu, litlu systur, stóra bróðir, Snata eða Loppu

